

Heimsóknir til símenntunarmiðstöðva

Starfsmenn FA sem sinna hæfnigreiningum og námskrárvinnu og framkvæmdarstjóri hafa lokið heimsóknum til allra símenntunarmiðstöðvanna. Heimsóknirnar hafa verið mjög lærdómsríkar. Vonandi eru þessar heimsóknir bara upphafið að nánari samstarfi allra aðila á sviði hæfnigreininga og námskráa.

Starfsmenn FA – hæfnigreiningar og námskrár

Halla Valgeirsdóttir og Guðmunda Kristinsdóttir munu halda áfram að sinna hæfnigreiningum og námskrám ásamt Arnheiði Gígju Guðmundsdóttur. Til viðbótar mun Hildur Hrönn Oddsdóttir koma að verkefnum í tengslum við námskrárgerð og Valdís Steingrímsdóttir að hæfnigreiningum ásamt því að taka þátt í verkefninu Hæfnisetur ferðapjónustunnar.



Halla, Guðmunda, Gígja



Hildur Hrönn, Valdís

Hæfnigreiningar og þróun námskráa.

Ferlið við hæfnigreiningu starfa er fullmótað þó svo að áframhaldandi þróun sé alltaf í gangi með það að markmiði að bæta öll þau gögn sem unnið er með við hæfnigreiningar og að bæta greiningaraðferðina sjálfa í takt við áskoranir með nýjum verkefnum.

Þróun námskráa sem byggja á starfaprófil er í fullum gangi. Á fundi með fulltrúum Menntamálastofnunar í október á síðasta ári var ákveðið að halda þróunarvinnunni áfram en MMS miðar við að með hverri námskrá sé skrifuð að minnsta kosti ein námslýsing.

Vottun námskráa

Menntamálastofnun hefur það hlutverk að votta námskrár framhaldsfræðslunnar í samræmi við Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2013. Það sem af er þessu ári hefur Menntamálastofnun vottað sex námskrár frá FA en fimm námskrár til viðbótar eru komnar í grunninn og bíða vottunar.

Í umræddum viðmiðum stendur að 75% viðfangsefna (námsþættir) þurfi að vera á þrepi námskrár. Á fundi í janúar á þessu ári með fulltrúum MRN og MMS kom fram að þetta viðmið ætti ekki við fyrir framhaldsfræðsluna og þörf væri á að endurskoða viðmiðin. Ákveðið var að FA og MMS ynnu saman að endurskoðun og sendi tillögur þess efnis til MRN. Einfaldasta leiðin hefði verið að breyta námskránum en áhersla hefur verið á að námskrár endurspegli þörf fyrir hæfni samkvæmt atvinnulífinu, sbr. námskrár sem byggja á starfaprófilum.

FA hefur í tvígang sent MMS tillögur að breytingum og ítrekað óskað eftir því að vinna við endurskoðun fari af stað ásamt því að fulltrúi/ar símenntunarmiðstöðvanna kom að endurskoðuninni. Engin viðbrögð við breytingartillögum hafa borist og samkvæmt upplýsingum frá MMS er vinna við endurskoðun ekki hafin ennþá.